



Kennarar:	<b>Ægir Pétur Ellertsson (ÆE) <a href="mailto:aegirp@fsu.is">aegirp@fsu.is</a></b> <b>Luis F. T. Meza (LFM) <a href="mailto:luis@fsu.is">luis@fsu.is</a></b>
-----------	---

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem lögð er áhersla á hina fjóra færniþætti tungumálanáms: þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu.

**Undanfari:** B á grunnskólaprófi eða ENSK1HA05

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

### Námsefni:

- ✓ **Headway Academic Skills Level 2; Reading, Writing and Study Skills.**  
**Students' book. Sarah Philpot.**
- ✓ **The Curious Incident of a Dog in the Night-time.** Mark Haddon.
- ✓ **Smásögur og annað efni frá kennara í Innu**

### Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu, þar sem nákvæmara vikuplan verður að finna undir heimanám og markmið.
- **Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma.**
  - Vegna símats í áfanganum þarf að skila öllum verkefnum í áfanganum á réttum tíma. Dreigið er niður fyrir sein skil
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað, nema að lögleg forföll komi til. **Þetta ákvæði gildir líka um eldri nemendur áfangans.**

- Nemendur sem eru fæddir 2003 eða fyrr ganga frá skriflegum samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.
- Nemendur sem verða uppvísir af því að skila verkefnum frá öðrum eða verkefnum tekin af netinu (td. copy-paste) fá 0 fyrir slík verkefni og fá ekki að skila aftur.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma. Ef svo er ekki kann nemandi að vera vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Ekki fæst mæting í tíma þegar mætt er 25 mínútum eftir upphaf kennslustundar eða seinna.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.
- Nemendur eru hvattir til að tjá sig á ensku í tíma og mæta með góða skapið

- **Námsmat:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Academic Skills	4 skrifleg próf	40%
Smásögur	Verkefni úr fimm sögum (10%) og eitt próf úr öllum sögunum (15%)	25%
Kjörbók	Fjögur verkefni (15%) og eitt próf úr allri bókinni (10%)	25%
Ýmis verkefni	Verkefni frá kennara að ýmsu tagi: td. skrifleg, hlustun munnleg ofl	10%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 18. ágúst 2022

Ægir Pétur Ellertsson og Luis F. T. Meza